

Stjórnarfund KAÍ 14.06.2023 kl. 12.00 á skrifstofu KAÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal.

Mættir: Reinharð, Elías, Mæja, Hafþór, Bjarni og á Zoom: Gunnlaugur og Ronja.

1. Fjárhagur.

- a. Lagt fram 6 og 9 mánaða uppgjör í samanburði við fjárhagsáætlun ársins. Flestir liðir undir eða á áætlun nema kostnaður við mótahald innanlands. Vegur þar þyngst húsaleiga sem verður að greiða fyrir afnot af íþróttahúsum ef félögin hafa ekki getað útvegað þau frítt fyrir mót.

2. Landsliðsmál – landsliðsnefnd.

- a. Verkefni framundan eru:
  - i. Polish Open 5.-9. Október. 5 keppendur og 1 þjálfari.
  - ii. HM senior Budapest 21.-28. október. 3 keppendur, 2 þjálfarar og fararstjóri.
  - iii. Series A Portúgal 23.-26. Nóvember. 2 keppendur og 1 þjálfari.
  - iv. Youth League Feneyjum 6.-10. Desember. 4-5 keppendur og 1 þjálfari

Landsliðsþjálfarinn í kata er að leita að þjálfara til að koma til Íslands til að halda æfingabúðir.

Stjórnin samþykkti að landsliðskeppendur geti notað annan styrkinn sem þeir eiga rétt á til ferðalaga á mót eða æfingabúðir, í skipulagða landsliðsferð.

3. Mótamál:

- a. Mót framundan í vetur:
  - i. 5. nóvember: ÍM og ÍMU í kumite. Mýrin, Garðabæ. Kl. 10-17.
  - ii. 17. nóvember. Bikarmót KAÍ. Fylkisselið kl. 18-21.
  - iii. 18. nóvember. GrandPrix 3. Austurberg. Kl. 10-17.

4. Undirbúningur fyrir NM24 í Reykjavík.

- a. Anna María Þórðardóttir kom inn í undirbúningsnefndina.
- b. Hálsbönd fyrir skráningar komin til landsins.
- c. Verðlaunapeningur í hönnun. Leitað verður til Ísspors með tilboð í hann. Þurfum 216 peninga auk 4 bikara.
- d. Þróttarsalurinn staðfestur fyrir lokahófið.
- e. Getum fengið 400 WKF keppnisdýnur frá Fylki, Haukum, KFR og Þórshamri. Munum sækja um styrki til að kaupa fleiri velli fyrir upphitunarsvæðið.
- f. Þurfum að biðja Svipjóð eða Danmörku um að koma með spjaldtölvur fyrir kata.
- g. Elías Guðni ætlar að athuga með hettupeysur fyrir keppendur.
- h. Stefnum á að fá starfsmann frá Sportdata til að sjá um mótið.

5. Önnur mál

- a. Félagaskipti. Stjórnin samþykkti félagaskipti Hennesar Magnússonar frá Þórshamri í Fylki.
- b. Bréf frá KFR vegna vals keppenda á HM í Búdapest.
  - i. Heilmikil umræða varð um efni bréfsins. Þar kemur fram að Formaður Karatefélags Reykjavíkur hefur alvarlegar áhyggjur og athugasemdir við það hvernig landsliðsþjálfarinn í kumite og landsliðsnefnd KAÍ vinna yfir höfuð og ekki

síst hvernig keppendur eru nú valdi. Ekki hverjir eru valdir heldur að ekki séu fleiri valdir.

Einnig bent er á árangur Huga Halldórssonar á síðustu tveimur árum í keppni innanlands og utan.

Formaður KAÍ, varaformaður KAÍ og aðrir stjórnarmenn bentu formanni KFR á að til að vera valinn í landsliðsverkefni þyrfti í að gefa kost á sér í landsliðið, taka þátt í opnum og lokuðum æfingum með landsliðsþjálfara og síðan að vera valin að landsliðsþjálfara í einstök verkefni. Landsliðsnefnd kemur ekki að vali á keppendum. Ekki er hægt að bjóða sig fram í ákveðið verkefni og vilja ekki taka þátt í öðru starfi landsliðsins.

Meirihluti stjórnar stendur með og styður val landsliðsþjálfara í þau verkefni sem framundan eru hjá sambandinu.

- c. Lagt til að sett verði upp síða á vefsvæði KAÍ þar sem komi fram hverjir eru í landsliði Íslands í karate. Samþykkt. Formaður KAÍ mun setja hana á netið sem fyrst.

Fundi slitið kl.13.00

Fundaritari: Reinharð Reinharðsson